


Fréttabréf Snarfara júlí, 2016

- Stjórn Snarfara hefur borist margar umsóknir undanfarið og nú er staðan sú að öll bryggjustæði eru full.
- Úrgangsolútankur hefur verið færður og er núna við innkeyrsludyr við skemmuna þar til önnur staðsetning hefur verið fundin. Byggja þarf í kringum hann þró. Hætta var á umhverfisslysi þar sem hann var staðsettur.
- Stjórn Snarfara sendi Skipulagsstofnun athugasemd vegna frummatsskýrslu Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna landfyllingar í Elliðaárvogi nú í júní. Athugaendur hefur verið send til framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðila ber síðan að taka efnislega afstöðu til athugasemda. Áhyggjur stjórnar lúta fyrst og fremst af því að landfylling nái út í innsiglingu til Snarfara eða að set og efni frá framkvæmdum fylli rennuna svo bátar komist ekki inn og út úr höfn. Ekki er vitað hvenær endanleg afstaða framkvæmdaraðila verður ljós.
- Stjórn Snarfara hafði frumkvæði af því að bjóða forstjóra samgöngustofu og öðrum tengdum aðilum til fundar vegna hagsmuna skemmtibátaeigenda nú í lok júní. Fundargestum var sýnd aðstaðan í Snarfarahöfn en síðan var siglt með hópinn út í Þerney þar sem boðið var upp á kaffi og bakkelsi og málin reifuð. Fundurinn tókst með ágætum og í framhaldi verður unnið að þessum málum með öðrum siglingafélögum og Samgöngustofu með það að markmiði að einfalda og léttu á reglum kringum skemmtibáta.
- Viðeyjarbryggja var sett á sinn stað í júní og tókst flutningurinn vel. Bryggjan var sett á sama stað og hún var áður og verður að gæta að því á fjöru fer hún nánast á þurt. Hvammsvíkurbryggja er einnig komin á sinn stað og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér aðstöðuna. Búið er að laga bólið við Flatey og bátum óhætt að leggja þar að.
- Stjórn vill beina þeim tilmælum til Snarfarafélaga að vinsamlegast ekki leggja bátum sínum vestan við félagsheimili í merkt bílastæði sem nú eru auð. Nóg er af stæðum fyrir báta og bílar hafa forgang næst félagsheimilinu. Bátar sem verða skildir þar eftir .verða færðir burtu.



Hugrenningar formanns á miðju starfsári

Í Snarfara, Naustavogi hefur verið unnið stórvirki við uppbyggingu þeirrar aðstöðu sem við njótum í dag. Þeim frumkvöðlum sem af eldmóði unnu þetta mikla verk verður seint fullþakkað. Ekki er óeðlilegt þó að félagar sem síðar gengu í félagið beri ekki sömu tilfinningar til þess og þeir sem á undan komu. Þeir greiða sín gjöld og nýta og njóta þeirrar grunnþjónustu sem þeir þurfa án þess að bindast félaginu sérstökum böndum. Þessu hefur núverandi stjórn áhuga á að breyta og gera Snarfara að raunverulegum frítímavalkosti árið um kring fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra

Hver er framtíðarsýn Snarfara, hvert vill félagið stefna? Ekki hefur verið unnið að formlegri þarfagreiningu meðal félagsmanna og/eða stefnumörkun eða framtíðarsýn fyrir félagið. Markmið félagsins sem fram kemur lögum þess ([2.gr](#)) endurspeglar ekki starfsemi félagsins eða tilgang og er tímaskekkja. Þessu þarf að breyta.

„Það er búið að framkvæma alla stóru hlutina“ sagði félagsmaður á síðasta aðalfundi „ný stjórn þarf ekki að standa í neinum stórræðum“. Varla er annað hægt en að brosa út í annað yfir slíkum ummælum. Þessi athugasemd var þó ábyggilega ekki illa meint en hún lýsir samt ákveðnu viðhorfi. Þetta viðhorf að við séum komin á endastöð og nú sé bara að halda hlutum í horfinu með þorablót og „kaffiogmeðþví“ á Sjómannadaginn helst gjarnan í hendur við það viðhorf að aðstaðan í Snarfara eigi eingöngu að vera fyrir félagsmenn. Þessi sælureitir sé „vel varðveitt leyndarmál og eigi að vera það áfram“. Að mínu mati er það rangt og veikir félagið og samningsstöðu þess gagnvart yfirvöldum og öðrum hagsmunaaðilum til lengri tíma. Eins er það fjarstæða að slá því föstu að engin ný stór verkefni bíði félagsins. Það er félagsmanna að ákveða.

Félagið stendur nú á ákveðnum krossgötum. Framundan eru miklar breytingar sem munu óhjákvæmilega hafa áhrif á starfsemina. Ég er að tala um þá uppbyggingu sem mun eiga sér stað í næsta nágrenni Snarfara á næstu árum þar sem borgaryfirvöld sjá fyrir sér Vogahverfið og nágrenni sem hið nýja 101 hverfi. Fyrirhugað er að reisa 3.200 íbúðir sem rými 7.400 íbúa í næsta nágrenni okkar o.fl. ([sjá hér](#)).

Þessi uppbygging mun færa Snarfarasvæðið enn frekari inn á kortið og umferð um svæðið mun stóraukast. Á því er leikur engin vafi. Snarfari verður hið eiginlega bryggjuhverfi borgarinnar. Í því felst ekki ógn að mínu mati heldur tækifæri. Mín sýn á Svæði Snarfara er að gestir og gangandi getið komið á svæðið, sest niður og keypt sér veitingar á notalegum veitingastað og virt fyrir sér báta og bryggjur og lífið við höfnina. Börnin gera farið í garðinn og leikið sér og notið lífsins. Áhugi fólks mun aukast í framhaldi á skemmtibátum, félaginu og starfsemi þess. Slíkt styrkir félagið.

Félagshemilið hefur þjónað okkur vel en er komið til ára sinna og verður viðhaldsfrekara með hverju ári. Eins hentar það mjög illa fyrir stærri samkomur. Aðeins eitt salerni í húsinu og það rúmar vart fleiri en 50 manns til borðs. Í félaginu eru 320 manns. Gólf hallar svo á skrifstofu að það þarf nánast að halda sér í skrifborðið til að renna ekki að útvegg. Útveggir eru víða orðnir lélegir o.fl. Eldhúsaðstaða er lítil og léleg. Þjónusta er takmörkuð við vatn, kaffi og það sem má kaupa úr sjálfsala.

Tuttugu ár eru eftir af gildistíma samnings Snarfara við borgaryfirvöld um aðstöðu á svæðinu. Það er ekkert sem segir að ekki sé hægt að framlengja þeim samningi. Mín tillaga er að við Snafaramenn (hugsanlega í samvinnu við veitingaaðila), byggðum nýtt veglegt félagsheimili á svæðinu. Við gætum hugsað okkur hús á tveimur hæðum þar sem efri hæðin myndi rýma félagsheimili og skrifstofu. Þar væru svalir sem hægt væri að stíja úti en neðri hæðin væri undir veitingarekstur. Möguleikar eru óteljandi. Mörg okkar hafa verið erlendis og notið þess að ganga um marínur til að virða fyrir okkur skemmtibáta af öllum stærðum og gerðum, sest svo niður og fengið okkur drykk og/eða málsverð og notið lífsins. Af hverju ekki í Snarfara?

Nú er lag að hugsa þessa hluti og því ágætt að koma hugmyndinni á framfæri. Tillaga um að hana verður síðan lögð fram á haustfundi eða næsta aðalfundi og er þá félagsmanna að ákveða framhaldið. Margir aðrir innan Snarfara hafa sömu eða svipaða sýn og ég lýsi nú. Fara verður þó varlega og varast að ráðast í verkefni af þessari stærðargráðu nema sýnilegt sé að við ráðum vel við það. Rekstur félagsins gengur vel. Það er ekki hlutverk Snarfara að safna sjóðum heldur nýta þá í frekari uppbyggingu á svæðinu.

Það er enn tími fyrir stórvirki hjá Snarfara. Ég legg til að það séum við, núverandi félagar Snarfara sem göngum í þetta verk af sama dugnaði og hugsjón og þeir frumkvöðlar sem stofnuðu félagið.

Rvk, 2016
Pétur Ó. Einarsson



